

Formáli

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út nýja Aðalnámskrá leikskóla 2011. Með nýrri aðalnámskrá urðu umfangsmiklar breytingar sem voru í takt við nýja menntastefnu. Námsþáttunum fækkaði úr sex í fjóra og lögð er áhersla á grunnþætti menntunar. Grunnþættirnir fléttast inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum og eru leiðarljós við námskrárgerðina. Vinna við skólanámskrána hófst haustið 2012. Boðið var upp á fyrirlestur fyrir alla á fræðsludegi og einnig tvo fyrirlestra fyrir 2 fulltrúa frá hverjum skóla. Haustið 2013 hófst samvinna milli Tröllaborgar og Grunnskólans austan Vatna. Allir starfsmenn beggja skólastiga komu saman. Skipt var í hópa þar sem blandað var saman starfsmönnum frá báðum skólastigum. Hver hópur fékk einn grunnþátt og gerði stutta samantekt um hvað grunnþátturinn fjallaði.

Síðan var fundur með foreldrum þar sem fór fram stutt kynning á grunnþáttunum. Eftir það var skipt í hópa og voru 2 starfsmenn skólanna í hverjum hópi einn frá hvoru skólastigi. Starfsmennirnir voru ritarar og skráðu niðurstöður þ.e. hvað erum við að gera vel og hvað getum við gert betur.

Bæði skólastigin fengu svo niðurstöðurnar og unnið var áfram með þær á hvoru skólastigi fyrir sig.

Lögð var áhersla á að tengja grunnþættina stefnu og áherslum leikskólans eins og t.d. kubbaleiki, listsköpun og útikennslu svo eitthvað sé nefnt. Þar reynir meðal annars sköpun, lýðræði og læsi í víðum skilningi.

Skólanámskráin er leiðarvísir skólans og þarf því að vera í sífelldri þróun og taka mið af þeim breytingum sem ríkja í samfélaginu og í takt við stefnu leikskólans og ávalt með hagsmuni barnanna í fyrirrúmi.

Fyrir hönd starfsfólks Tröllaborgar sem vann þessa skólanámskrá,

Anna Árnína Stefánsóttir leikskólastjóri

Eyrún Berta Guðmundsdóttir staðgengill leikskólastjóra